

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Páll Þorsteinn Matthíasson skipstjóri á botnvörpuskipinu Snorri goði R. E. 141 greiði 1000 kr. sekt í landssjóð og allan sakarkostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 15 kr. til hvors þeirra. veiðarfæri nefnds skips og allur affi innanborðs, eins og þetta var, er er skipið kom til Reykjavíkur næst eftir brotið, skulu vera upptæk og andvirði þeirra renna í landssjóð.

Ídæmd gjöld ber að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 24. ágúst.

Nr. 14/1914

Ágúst Gíslason
gegn
Einari Erlindssyni.

Dómur:

Veturinn 1912 samdist svo með aðilum máls þessa, að stefndi Einar Erlindsson verkfræðingur í Reykjavík skyldi útvega frá útlöndum hitunartæki í hús, er áfryjandi Ágúst Gíslason útvegsmaður í Vestmannaeyjum þá ætlaði

að byggja um vorið þar í eyjunum, og var samningur þessi að eins munnlegur. Stefndi pantaði hitunartækin með bréfi dags. 23. marz 1912 og lagði svo fyrir, að þau yrðu send hingað svo, að þau kæmu til Vestmannaeyja síðast í júnímánuði, enda virðast þau hafa komið þá um mánaðamótin júní og júlí, eða snemma í júlímánuði. Áfrýjandi vildi þó eigi taka við hitunartækjunum, er þau komu, og bar fyrir þá ástæðu eina, að þau kæmu of seint; heldur hann því fram, að þau hafi samkvæmt samningi sínum við stefnda átt að koma fyrir júnímánaðarbyrjun, og þar sem þau þannig hafi komið fullum mánuði síðar, hafi hann ekki getað notfært sér þau, og neitaði því að sér væri skylt að taka við þeim; tjáist hann hafa fengið sér önnur hitunartæki (ofna) í hús sitt, en á byggingu þess hafi verið byrjað seint í maímánuði næst á undan. Stefndi hefir af sinni hálfu baldið því fram, að hann hafi í engu vanhaldið samning sinn við áfrýjanda, og að hitunartækin hafi komið og verið til taks nægilega tímanlega og eins og um var samið, og með því að áfrýjandi eigi greiddi honum andvirði þeirra, höfðaði stefndi mál þetta gegn áfrýjanda fyrir gestarétti Vestmannaeyjasýslu, og krafði hann þar um greiðslu á andvirðinu, 540 kr. með 6% vöxtum frá 1. júlí 1912, og um málskostnað. Hinsvegar höfðaði áfrýjandi gagnsök gegn stefnda til skaðabóta fyrir tjón það, er hann hafi beðið, vegna þess að hitunartækin komu of seint, og krafðist hann í þessu skyni 600 kr. með 6% vöxtum frá stefnubirtingu til borgunardags, en í aðalsökinni krafðist hann sýknu og í báðum málunum málskostnaðar. Þessum málum var ráðið til lykta með gestaréttardómi Vestmanneyjasýslu 24. desemberm. f. á. á þá leið, að

Ágúst Gíslason á að greiða Einari Erlindssyni 540 kr. ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1912 til borgunardags, en hinsvegar var Einar Erlindsson í gagnsökinni syknaður af kærum og kröfum Ágústs Gíslasonar; um málskostnað var svo dæmt, að Ágúst Gíslason skyldi greiða hann með 30 kr.

Þessum dómi hefir nefndur Ágúst Gíslason skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 10. marz þ. á., og hefir hann krafist þess, að dóminum verði breytt þannig, að hann verði algerlega syknaður af öllum kröfum stefnda í aðalmálinu fyrir undirréttinum, og að honum verði dæmdar 600 kr. skaðabætur hjá hinum stefnda með 6% ársvöxtum frá 9. nóv.br. 1912, svo og málskostnaður fyrir báðum réttum, undirrétti og yfirdómi. Af sinni hálfu hefir stefndi Einar Erlindsson krafist þess, að undirréttardómurinn verði staðfestur í öllum greinum, og að áfryjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Úrslit máls þessa, eins og það liggur fyrir réttinum, veltur að öllu leyti á því, hvort stefndi hafi vanhaldið svo samninginn við áfryjanda um hitunartækin, að áfryjanda fyrir þá sök hafi verið heimilt að líta svo á, að hann að sinu leyti hafi losnað við samninginn. Hann heldur þessu fram og ber fyrir þá einu ástæðu, eins og áður er sagt, að hitunartækin hafi komið mánuði seinna en þau áttu að koma eftir samningi þeirra aðilanna; hafi þau átt að koma fyrir 1. júnímánaðar, en eigi komið fyrir í byrjun júlímánaðar og hafi áfryjandi því eigi getað notað þau í hús sitt á viðunandi hátt og alls ekki án mikils aukins kostnaðar. Stefndi hefir að vísu kannast við samninginn um hitunartækin, en neitað því, að samn-

ingurino hafi haft það ákvæði, að hann ætti að skila hitunartækjunum fyrir 1. júní; hann hafi skuldbundið sig til að skila þeim um mánaðamótin júní—júlí, enda hafi hann skilað þeim þá, eða fyrst í júlí. Þessu til stuðnings vitnar hann í pöntunarbréf sitt, sem áður er nefnt, frá 25. marz 1912, og segir sem rétt er, að það sé með öllu óskiljanlegt, að hann þá skyldi þau á þann veg, að þau kæmu hingað um lok júnímánaðar, ef hann hefði samningslega verið skuldbundinn til að hafa þau á reiðum höndum fyrir 1. júní. En áfrýjandi hefir leitast við að sanna það með vitnisburðum, að stefndi hafi átt að skila hitunartækjunum fyrir 1. júní. Það er þó að eins eitt vitni, sem borið hefir um það, hvað í þessu efni hafi samist milli málsaðila, og er það yfirsteinsmiðurinn, Guðmundur Einarsson, er vann að byggingu hússins; hefir hann gefið skriflegar yfirlýsingar í málinu, er hann hefir síðar staðfest með eiði; er hin fyrri dags. 7. nóvember 1912 og hin síðari dags. 8. marz 1913. Lýsir hann því þar yfir, að hann hafi neitað að eiga nokkurn hlut við innsetning hitunarvélarinnar, fyrst hún var ekki komin á staðinn þegar byrja átti á húsgerðinni, »en sem hún átti þó að vera komin fyrir 1. júní þetta ár samkvæmt skýlausu loforði hra Einars Erlindssonar, og hið sama hafði hra Agúst Gíslason einnig sagt mér«, segir í vottorðinu. Og í síðara vottorðinu segir Guðmundur Einarsson, að hann taki það fram út af hitunartækjunum að »Einar (þ: stefndi) hafi sagt við sig hér í Reykjavík um miðjan maímánuð 1912, að Agúst (þ: áfrýjandi) hafi gert það að skilyrði fyrir að taka á móti tækjunum, að þau yrðu komin til Vestmannaeyja fyrir lok sama mánaðar — maí 1912 — og kvaðst Einar hafa lofað þessu«. Eins og

Þessi vitnisburður liggur fyrir sannar hann eigi beint neitt um það, hvað farið hafi á milli málsaðilanna í þessu efni, en skýrir að eins frá því, hvað vitnið Guðmundur Einarsson álitur að hafi átt að vera og hvað stefndi hafi sagt við hann um hitunartækin í maí 1912 og loforð sín snertandi þau, en þessum vitnisburði hefir stefndi mótmælt og telur hann rangan. Þar sem ekkert annað er komið fram í málinu af hálfu áfrýjanda til sönnunar því, að stefndi hafi skuldbundið sig til að hafa hitunartækin til fyrir 1. júní en þessi vitnisburður, því að ekkert verður í þessu efni leitt út af vitnisburði Guðna G. Johnsens, þá þykir það ekki nægilega sannað af áfrýjanda gegn neitun stefnda, að svo hafi um samist milli þeirra, að stefndi skyldi hafa hitunartækin til á staðnum (þ: Vestmannaeyjum) fyrir 1. júní 1912, eða yfirleitt sannað, að hitunartækin hafi komið of seint, en af því leiðir, að áfrýjandi getur ekki gert neina kröfu til skaðabóta, en verður hinsvegar að greiða andvirði hitunartækjanna 540 kr., en um upphæð þessa hefir eigi sérstaklega verið neinn ágreiningur. Þar sem yfirdómurinn einnig samþykkir ákvæði gestaréttardómsins um vexti og um málskostnað, verður dómur þessi staðfestur í öllum greinum, og eftir þessum úrslitum þykir það rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi Ágúst Gíslason greiði stefnda Einari Erlindsyni málskostnað fyrir yfirdómi með 30 krónum.

Dómi þessum skal fullnustu veita áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaadför.

Nr. 27/1914

Réttvísinn

gegn

Guðmundi Ingibjarti Kristjánssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 12. febrúar þ. á., var hinn ákærði Guðmundur Ingibjartur Kristjánsson dæmdur samkvæmt 232. gr. almennra hegningarlaga og með skírskotun til 58. gr. og 40. gr. sömu laga fyrir einfaldan þjófnað framinn í annað sinn til að sæta fangelsi við vatn og brauð 2 × 5 daga; svo var hann og dæmdur til að greiða málskostnað í héraði.

Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins af hálfu réttvísinnar.

Hinn ákærði, sem er fæddur 4. desember 1885 og þannig kominn yfir lögaldur sakamanna, var hinn 16. maímán. f. á. dæmdur fyrir aukarétti Ísafjarðarsýslu í 5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir framinn einfaldan þjófnað, og hefir hann úttekið þessa refsingu í fangahúsi Ísafjarðarkaupstaðar. Nú er hann í þessu máli aftur sakaður um þjófnað, og er það með játningu hans og öðrum skýrslum sannað, að hann hafi rétt fyrir síðastliðin jól stolið brúkaðri regnkápu úr anddyri á húsi einu á Ísafirði og selt hana daginn eftir Friðriki nokkrum Andréssyni fyrir 5 krónur. Kápan, sem upprunalega hafði kostað 20 kr.